

Til formanna klúbba í Soroptimistasambandi Íslands

1. nóvember 2009

Kæru formenn

Vatnsverkefni

Ég vil byrja á því að þakka fyrir góð viðbrögð við vatnsverkefnum sem ég kynnti í síðasta bréfi. Margir klúbbar hafa haft samband við mig og sýnt áhuga á þátttöku.

Norðan- og austan klúbbar hafa óskað eftir því að sjá um vatnsdæluverkefnið á Fílabeinsströndinni og hafa sent staðfestingu á því.

Við urðum of seinar til þess að tilkynna þátttöku okkar í verkefni barnaheimilisis í Kollo og eru Svisslendingar búnir að taka það að sér. Roswitha Ott verkefnastjórinn í Afríku óskaði þá eftir því að við tækjum að okkur grunnskólann í Kollo en þar eru 150 nemendur, þar af 89 stúlkur, og engin hreinlætisaðstaða. Nokkrir hlaðnir veggir eru á skólalóðinni þar sem nemendur og starfsmenn skýla sér á bak við. Skólinn heitir Bambou-Béri og hef ég fengið nokkrar myndir þaðan. Roswitha sagði það stórkostlegt ef hægt væri bæði að tryggja byggingu snyrtiaðstöðu fyrir skólann og við barnaheimilið í Kollo. Það mundi breyta miklu í því sveitarfélagi. Soroptimistaklúbburinn Ténéré í Niamey í Niger mun gefa okkur skýrslu jafnóðum.

Snyrtiaðstaða við barnaskólann kostar kr. 830 þúsund og yrði það merkt íslenskum Soroptimistum. Bakka- og Seljaklúbbur, Keflavíkurklúbbur, Akranesklúbbur, Árbæjarklúbbur og Reykjavíkurklúbbur hafa þegar tilkynnt þátttöku.

Söfnunarreikningur vatnsverkefnis er 0319-13-110173 og kt.551182-0109. (Munið að skrá hvaðan peningarnir koma).

Enn vantar okkur nokkra klúbba til þess að geta fjármagnað þetta verkefni. Vona ég að þið bregðist skjótt við svo við missum ekki af þessu. Þetta væri afar verðugt verkefni en við þurfum að hafa hraðar hendur.

Minningarkort og Sierra Leone

Elsa gjaldkeri sambandsins bað mig að ítreka við ykkur að

Minningarkortin fara á reikning nr: 0319-13-701113 og kt.551182-0109

Sierra Leone gjafakortin fara á reikning nr: 0319-13-701246 kt.551182-0109

Munið að skrá nafn klúbbsins.

Ritarar klúbba

Ég vil vekja athygli á að ritara hvers klúbbs eiga að láta Helgu Óladóttur nafnalistakonu vita um allar breytingar sem verða í hans klúbbi jafnóðum og þær gerast. Ef t.d. nýjar konur eru teknar í klúbbinn á ritari að tilkynna það þegar í stað.

Fregnir

Á Landssambandsfundum í vor var lagt til að jólablað Fregna mundi aðeins koma út á netinu þetta árið vegna mikils kostnaðar. Á haustfundum lagði ritstjórn Fregna til að næstu 3 blöð verði mínkuð úr 24 síðum í 16 síður hvert blað. Hefur ritnefndin fengið tilboð um prentun sem rúmast innan fjárhagsramma. Landssambandsstjórn hefur því ákveðið að jólablaðið verði prentað eins og áður og sent til systra.

Vetrardagskrá klúbba

Ég minni á að enn vantar vetrardagskrár frá mörgum klúbbum inn á netið. Vinsamlegast sendið þær til Snjólaugar eða Sigríðar Ágústsdóttur.

Formannaskýrslur

Ég minni svo á skýrslur formanna til forseta.

Með systrakveðju

Guðrún Erla Björgvinsdóttir
forseti SI/Í

Guðrún Erla Björgvinsdóttir
Safamýri 67
108 Reykjavík
Sími 5888842
gudbjo@simnet.is

Soroptimistasamband Íslands
Hamraborg 10
200 Kópavogur, Ísland
Sími 891-7179
soroptimist@soroptimist.is

SI/E Headquarters Office
72,route de Florissant
CH-1206, Genève, Switzerland
Tel 00-41-223460880
siehq@soroptimisteurope.org